

SAMNINGUR / skilyrt styrkveiting til dansk-íslenska samstarfsverkefnisins um stuðning við dönskukennslu á Íslandi

Efni

1. Samningurinn
2. Markmið
3. Fjárframlög
4. Verkefni sem Danir fjármagna og hafa umsjón með
5. Verkefni sem Íslendingar fjármagna og hafa umsjón með
6. Umsjón með dvöl farkennara og lektors á Íslandi
7. Samstarfsnefndin
8. Breytingar og uppsögn samningsins

1. Samningurinn

Samningurinn gildir í 5 ár frá 1. ágúst 2014 til 31. júlí 2019.

Líta ber á samning þennan sem framhald af fjórum fyrri samningum um danskt-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi á tímabilinu 2001–2014. Einnig er vísað til samstarfsverkefnis um stuðning við dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi á tímabilinu 1996–2000.

2. Markmið

Markmið samstarfsverkefnisins eru að:

- styðja við dönskukennslu í menntakerfi með sérstöku tilliti til munnlegrar færni
- miðla danskri menningu í íslensku menntakerfi
- auka áhuga á dönsku og vitund um mikilvægi málskilnings fyrir Íslendinga.

3. Fjárframlög

Verkefnið fjármagna menntamálaráðuneyti Danmerkur og Íslands.

3.1. Fjárframlag Dana:

Af hálfu Dana er um að ræða fjárveitingu í fjárlögum sem nemur 3 milljónum danskra króna árlega á árunum 2014 - 2019.

3.2 Fjárframlag Íslendinga:

Af hálfu Íslendinga er um að ræða árlega fjárveitingu sem nemur 6,0 milljónum íslenskra króna til sérstakra verkefna.

4. Verkefni sem Danir fjármagna og hafa umsjón með

Eftirfarandi verkefni eru styrkt með fjárframlagi Dana til samstarfsverkefnisins:

- 4.1. *Danskur lektor eða annar sendikennari við Menntavísindasvið Háskóla Íslands*
Ráðinn er lektor eða annar sendikennari á hverju skólaári til starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Hlutverk lektors er fyrst og fremst að vinna að talþjálfun kennaranema til að auka færni þeirra í dönsku talmáli. Starfið fer annars vegar fram í málveri og hins vegar með fjarkennslunemendum. Lektor á faglegt og kennslufræðilegt samstarf við fastráðinn lektor í dönsku, þ.m.t. í kennslu og ýmsum öðrum faglegum verkefnum. Lektor tekur einnig þátt í að skipuleggja og framkvæma kennslu og námskeið fyrir dönskukennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

- 4.2. *Tveir danskir farkennarar*
Ráðnir eru tveir farkennarar á hverju skólaári til starfa við grunnskóla og framhaldsskóla landsins.

Farkennarar leggi áherslu á hinn munnlega þátt í starfi sínu með nemendum þannig að þeir geti nýtt sér kosti þess að hafa kennara sem hefur dönsku að móðurmáli og getur miðlað eigin menningu. Farkennarar skulu einnig skipuleggja stutt námskeið fyrir íslenska kennara á þeim stöðum sem þeir eru sendir til starfa.

- 4.3. *Námsferðir íslenskra dönskunema til Danmerkur*
Árlega verða íslenskum dönskunemendum á háskólastigi veittir styrkir til námsferða til Danmerkur.

- 4.4. *Önnur starfsemi*
Til viðbótar þeim föstu verkefnum sem tilgreind eru hér að framan getur komið til önnur starfsemi tengd samstarfsverkefninu eftir því sem fjárveiting leyfir.

5. Verkefni sem Íslendingar fjármagna og hafa umsjón með

Eftirfarandi verkefni eru styrkt með fjárframlagi Íslendinga til samstarfsverkefnisins:

- 5.1. *Endurmenntunarnámskeið fyrir dönskukennara í grunnskólum og framhaldsskólum*

Námskeiðin geta verið haldin hvort sem er á Íslandi eða í Danmörku.

Fyrirkomulag getur verið breytilegt og miðast við þarfir tiltekinna kennarahópa. Námskeiðin geta verið sniðin fyrir dönskukennara á hvoru skólastigi fyrir sig en einnig fyrir bæði skólastigin í senn.

- 5.2. *Umsjón og skipulagning*

Árlega er Menntavísindasviði Háskóla Íslands greidd upphæð fyrir að hafa umsjón með og skipuleggja dvöl danskra farkennara á Íslandi, sjá einnig 6. gr. samningsins.

- 5.3. *Fjárstuðningur við sveitarfélög vegna dvalar danskra farkennara.*
Veittir eru fjárstyrkir til að mæta kostnaði sveitarfélaga við dvöl danskra farkennara. Styrkirnir geta mætt kostnaði í sambandi við húsnæði, ferðir og nettengingu.

6. Umsjón með dvöl farkennara og lektors á Íslandi

Sjá einnig 1.-3. málsgrein 4. greinar samningsins.

Menntamálaráðuneytið á Íslandi felur Menntavísindasviði Háskóla Íslands að hafa umsjón með og skipuleggja dvöl dönsku kennaranna á Íslandi og stendur straum af kostnaði vegna þessa. Umsjónin felur m.a. í sér upplýsingagjöf og aðstoð við komu farkennaranna til Íslands, skipulagningu á störfum þeirra í samræmi við ráðningarsamninga þeirra sem og faglega og hagnýta ráðgjöf. Umsjónin felur einnig í sér að tryggja samskipti við viðkomandi sveitarfélög varðandi fagleg störf farkennaranna og fyrirgreiðslu sveitarfélaganna í sambandi við dvöl þeirra.

6.1 Samningur við íslensk sveitarfélög

Samningur er gerður við þau íslensku sveitarfélög sem taka á móti dönskum farkennurum. Samningurinn skal byggja á þeim þáttum sem skilgreindir eru í gr. 6.2 varðandi starfsskilyrði sendikennara

6.2 Starfslýsing ofl. fyrir dönsku sendikennaranna

Gerð er nákvæm lýsing á verkviðum og vinnuáætlaðum danskra farkennara meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur. Lýsinguna er að finna á vefsíðu danska menntamálaráðuneytisins.

7. Samstarfsnefndin

Í dönsk-íslensku samstarfsnefndinni sitja fimm fulltrúar og eru þeir skipaðir sem hér segir: Tveir fulltrúar frá íslenskum stjórnvöldum, tveir frá dönskum stjórnvöldum og umsjónarmaður verkefnisins. Ráðuneytin á Íslandi og í Danmörku tilnefna formann nefndarinnar. Samstarfsnefndin setur reglur um verkefnið og hefur eftirlit með einstaka þáttum þess. Samstarfsnefndin tekur ákvörðun fyrir lok samningstímabilsins hvort lagt skuli mat á framkvæmd samstarfsverkefnisins. Samstarfsnefndin getur eftir þörfum boðið öðrum þátttakendum á fund sinn.

8. Breytingar og uppsögn á samningnum

Hægt er að breyta hluta samningsins á samningstíma með samkomulagi beggja ráðuneyta. Hvort land fyrir sig getur sagt upp samningnum með gildistíma 1. ágúst

tilgreinds árs. Uppsögn sammingsins skal berast fyrir loka síðastliðins árs fyrir gildistíma uppsagnar.

Reykjavík, 3. júní 2014

Illugi Gunnarsson
Mennta- og menningar-
málaráðherra Íslands

Christine Antorini
Barna- og menntamálaráðherra
Danmerkur